



BORGARRÁÐ: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að börn af erlendu bergi brotin heyri íslenskt mál sem oftast - R19090069

Bréf: Bréf

Málsnúmer: SFS2019090056

Bréfalyklar: 4.8 Fjölmeningarmál

Eigandi skjals: Anna María Arnardóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 09/06/2019

Dagsetning skjals: 09/06/2019

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is

Skjalalykill	4.8 Fjölmeningarmál	Málsnúmer	SFS2019090056
Móttökudags.	09/06/2019	Skráð í GoPro	06.09.2019

Viðtakandi		Sendandi
Deild (Ráðhúss)	Skóla og frístundasvið	Fyrirtæki/stofnun
Starfsmaður		Nafn
		Kennitala:
Tegund skjals	Bréf	Fyrir Borgarráð
Efnisorð		
Eldri skjalalykill		
		Er flokkað eftir eldri ☐ Já ☒ Nei
		skjalalykli í
		skjalasafni.

Sent:

Sent til:

Notandi: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is

Dagsetning: 6.9.2019 12:11:57

Til: "SFS" <sfs@reykjavik.is>

Efni: Fw: BORGARRÁÐ: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að börn af erlendu bergi brotin heyri íslenskt mál sem oftast - R19090069

Tilvísun í mál: R19090069

Sæl

Meðfylgjandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins er hér með send skóla- og frístundaráði til meðferðar. Borgarráði skulu berast upplýsingar um vinnslu málsins um leið og þær berast. Sömuleiðis skal upplýsa borgarráð ef ófyrirsjáanlegar tafir verða á vinnslu málsins.

Kveðja,
Ólöf Magnúsdóttir
Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhús Reykjavíkur
s. 411 4703
olof.magnusdottir@reykjavik.is

BORGARRÁÐ: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að börn af erlendu bergi brotin heyri íslenskt mál sem oftast - R19090069

BORGARRÁÐ: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að börn af erlendu bergi brotin heyri íslenskt mál sem oftast - R19090069

Lagt er til að fundnar verði leiðir til að tryggja að börn sem eru af erlendu bergi brotin heyri íslenskt mál sem oftast til að auka líkur þeirra á að tileinka sér íslensk mál sem fyrst. Þátttaka þeirra í umhverfi þar sem töluð er íslenska skiptir sköpum Fram kemur í skýrslu innri endurskoðunar um úthlutun fjármagns til grunnskóla að börn af erlendu bergi sem eru fædd á Íslandi komu ekki nógu vel út úr prófi sem ætlað er að greina færni þeirra í íslensku. Fjármagni er úthlutað sérstaklega til grunnskóla vegna kennslu barna af erlendu bergi. Grunnur fyrir úthlutun er svokallað Milli mála málkönnunarpróf sem mælir færni þeirra í íslensku. Niðurstöður eru flokkaðar í grænan, gulan, og rauðan. Þau sem fá gulan eða rauðan þurfa aðstoð. Fjöldi barna sem fengu rauða niðurstöðu árið 2018 voru 1.797. 45 % af þeim eru börn sem fædd eru á Íslandi af erlendum foreldrum. Það er sláandi hvað mörg börn sem fædd eru á Íslandi og hafa alist upp í leik- og grunnskólakerfinu séu engu að síður svo illa stödd í íslensku. Þetta þarf sérstaklega að leggjast yfir. Finna þarf leiðir til að tryggja að þessi börn heyri íslensku nægjanlega oft og vel til að geta meðtekið hana sem sitt fyrsta mál.

Greinargerð

Finna þarf að finna skýringar á hvað gæti legið til grundvallar að 45% barna af 1797 börnum sem fengu rauða niðurstöðu eru af erlendu bergi brotin en fædd á Íslandi. Meðal skýringa gæti verið að foreldrar þeirra tali ekki íslensku og að íslenska sé ekki töluð á heimilinu. Leita þarf fleiri skýringa t.d. hvort börnin séu í félagsstarfi og íþróttum. Það kemur fram í svari við fyrirspurn Flokks fólksins um hver sé fjöldi fjölskyldna í Fella og Hólahverfi sem búa við félagslega einangrun að fjöldi foreldra sem sækja fjárhagsstyrk er mestur í Breiðholti. Í tveimur hverfum, 109 og 111 er hins vegar notkun frístundarkortsins minnst eða 56% og 38% í pósthúsi 111.

Hér er um efnalitlar fjölskyldur að ræða jafnvel fátækar. Frístundarkort þessara barna er því kannski mikið til notað til að greiða gjald frístundarheimilis og þar með er barnið ekki að geta notað það í annað félags- eða tómstundastarf. Ef börn eiga að læra tungumálið þurfa þau að heyra það. Ef börn heyra ekki íslensku talaða á heimilinu skiptir öllu máli að þau heyri það í skólanum og í félags- og tómstundastarfi. Þetta þarf að skoða ofan í kjölinn. Hægt er að sækja um aðra styrki en í svari hefur einnig komið fram að fæstar umsóknir um aukastyrki eru í Breiðholti. Vissulega er það val foreldra hvort þeir nota frístundarkortið til að greiða frístundarheimilið en ef ekki eru til peningar á heimilinu er þetta að sjálfsögðu ekkert val. Tillaga Flokks fólksins er að þessum börnum verði veittur styrkur (þurfa ekki að sækja um hann sérstaklega) til að standa straum af gjaldi frístundarheimilis til þess að þau geti notað frístundarkortið sitt í annað tómstundar- og félagsstarf. Allt miðast þetta að því að börn af erlendu bergi geti verið sem mest í umhverfi þar sem talað er íslenska.